

**A 1851/hállbart**

<b>Flytjendur</b>	Anders Eriksson (ÅF) Camilla Gunell (ÅSD) Janine Alm Ericsson (MP) Oddný G. Harðardóttir (Sf) Simon Holmström (HI) Wille Valve (MSÁ)
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna sjálfbærnefndin

**Þingmannatillaga um norræna lokadagsetningu fyrir notkun jarðefnaeldsneytis****Tillaga**

Nefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að hún ákveði sem lið í framkvæmd norrænu framtíðarsýnarinnar lokadagsetningu fyrir notkun jarðefnaeldsneytis á Norðurlöndum

Nefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum um að þær samræmi lokadagsetningu fyrir notkun jarðefnaeldsneytis

**Bakgrunnur**

Loftslagsváin er áskorun sem gerir kröfu um forystuhæfileika og röggsemi. Þrátt fyrir markmið Parísarsamningsins um að halda hlýnun jarðar innan við 1,5 gráður miðað við hitastig fyrir iðnvæðingu er koldíoxíðlosun landa heims föst í sömu sporum.<sup>1</sup> Raunar áforma þau heldur að auka vinnslu jarðefnaeldsneytis um meira en tvöfalt það magn sem 1,5 gráðumarkið gerir ráð fyrir.<sup>2</sup> Þeim mun meira sem löndin ganga á kolaforðann því minni möguleika eiga þau á að draga úr hnattrænni hlýnun.

---

<sup>1</sup> <https://www.c2es.org/content/international-emissions/>

<sup>2</sup> <https://www.unenvironment.org/resources/report/production-gap-report-2019>



Pótt losun norrænu landanna sé lítil í alþjóðlegum samanburði er hún mikil miðað við höfðatölu sé litið til Norðurlanda sem eins svæðis.<sup>3</sup> Norrænu löndin og sjálfstjórnarsvæðin hafa hvert fyrir sig axlað ábyrgð á losun sinni með því að setja sér loftslagsmarkmið. Takmark Svía er nettó núlllosun árið 2045. Norðmenn ákváðu að draga úr losun miðað við 2030 þannig að hún yrði 40 prósentum minni 2030 og 80 prósentum minni 2050. Danir hyggjast minnka losun sína um 70 prósent fyrir 2030 miðað við árið 1990 og verða koldíoxíðhlutlaust 2050. Færeyingar vilja draga úr losun um 45 prósent fyrir 2030 miðað við árið 2010. Í markmiðum Grænlinga fyrir árið 2030 felst að 90 prósent allrar opinberrar starfsemi nýti endurnýjanlega orkugjafa. Finnar stefna að koldíoxíðhlutleysi árið 2035 og munu setja sér ný markmið í endurskoðaðri löggjöf um loftslagsmálin. Álendingar vinna að því að draga úr losun um 60 prósent fyrir árið 2030 miðað við 1990 og setja sér loftslagslöggjöf með nýjum markmiðum. Markmið Íslendinga er koldíoxíðhlutlaust land fyrir 2040. Í svari við skriflegri fyrirspurn (E20/2019) í Norðurlandaráði segir að öll norrænu löndin vinni gagnert að því á öllum sviðum að ná markmiðum sínum. Löndin hafi gripið til ráðstafana og innleitt nýjar lausnir sem séu til marks um tækifæri sem önnur stór losunarlönd geti hagnýtt sér.

Hin nýja norræna framtíðarsýn sem var samþykkt árið 2019 markar fráhrarf frá svæðisbundinni bútasamsaðferð til sameinaðrar og öflugrar norrænnar loftslagsbaráttu. Í stefnumarkandi áherslum Norrænu ráðherranefndarinnar varðandi framtíðarsýnina segir að ríki Norðurlanda eigi að vinna saman að koldíoxíðhlutleysi. Með því að helsta ástæða beinnar koldíoxíðslosunar er notkun jarðefnaeldsneytis liggur meðal annars beint við að ákveða markmið um að draga úr henni í áföngum. Jafnframt er orðið tímabært að semja sameiginlega tímaáætlun og í kjölfarið á því ákveða í sameiningu hvaða aðgerða verði þörf til að halda þá tímaáætlun. Eigi að takast að umbreyta samfélögunum svo rækilega í þágu loftslagsins þurfa ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum að taka höndum saman og nýta sér styrkleika hver annarrar.

Lokadagsetning fyrir notkun jarðefnaeldsneytis stuðlar að skýrleika, vandaðri áætlanagerð og framsýni sem aftur auðveldar langtíma fjárfestingaráætlanir og styrkir samkeppnishæfni Norðurlanda. Hún leiðir til nýrra og hugvitsamlegra lausna og skynsamlegrar hagnýtingar á gæðum landanna. Á Íslandi eru rík tækifæri til að vinna orku úr jarðvarma, Danmörk er í fararbroddi á sviði vindorku, Noregur hefur mikið efnahagslegt svigrúm til að stunda nýsköpun og í Svíþjóð og Finnlandi eru hinir miklu skógar mikilvægir kolefnisviðtakar. Norðurlönd geta og eiga að sýna að unnt sé að sameina öflug velferðarríki og stöðugt efnahagslíf virkri loftslagsbaráttu.

Með stefnufastri samhæfingu geta Norðurlönd orðið trúverðugur leiðtogi í loftslagsbaráttunni. Verkefni Norðurlanda er nefnilega ekki aðeins að sýna raunhæfan árangur heldur að vera góðir fulltrúar pólitískra lausna sem svæði annars staðar í heiminum geta tekið upp.

---

<sup>3</sup> <https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1148260/FULLTEXT01.pdf>



Ákvörðun lokadagsetningar yrði jafnframt til þess fallin að veita ungu kynslóðinni von um betri framtíð. Hún kæmi að minnsta kosti til móts við loftslagsályktun Norðurlandaráðs æskunnar frá árinu 2019, sameiginlega álitargerð ungmennaráðherranna sem send var forsætisráðherrunum 2019, kröfur norrænna ungmenna til norrænu samningsnefndarinnar í COP25 loftslagsráðstefnunni og kröfur alþjóðlegu ungmennasamtakanna Fridays For Future, Extinction Rebellion og ReGeneration 2030 svo að dæmi sé nefnd. Með því að ákveða lokadagsetningu getum við sem förum með völd sagt almenningi með góðri samvisku að við gerum meira en að hlusta, Norðurlandaráð hafi einnig gert allt sem í sínu valdi stendur.

Norðurlöndum, 15. september 2020

*Anders Eriksson (ÅF)*

*Camilla Gunell (ÅSD)*

*Janine Alm Ericsson (MP)*

*Oddný G. Harðardóttir (Sf)*

*Simon Holmström (HI)*

*Wille Valve (MSÅ)*